



Akureyri, 6. febrúar 2020

Atvinnu- og sjávarútvegsráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Erindi: Beiðni um breytingu á skilyrðum um afhendingu byggðakvóta samkvæmt reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2019/2020.

Akureyrarbaer óskar eftir að veitt verði undanþága í 6. gr. reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2019/2020 vegna stöðu atvinnumála í Grímsey. Óskað er eftir undanþágu á eftirfarandi texta í reglugerðinni og að hann verði felldur úr reglugerðinni:

- *Eigandi fiskiskips skal gera skriflegan samning við fiskkaupanda um magn sem landað verður til vinnslu hjá viðkomandi vinnsluaðila, þar sem fram kemur að vinnsluaðili skuldbindi sig til að vinna aflann og skal bæjar- eða sveitarstjórn áritasamninginn til staðfestingar.*
- *Afla sem boðinn er upp á fiskmarkaði telst ekki hafa verið landað til vinnslu samkvæmt þessari grein.*
- *Með vinnslu, skv. 1. mgr. er átt við flökun, flatningu, frýstingu, söltun eða herslu.*

Rökin fyrir beiðninni eru eftirfarandi: Grímsey hefur verið skilgreind sem brothætt byggð og er hluti af samnefndu verkefni á vegum Byggðastofunar en ekki liggur fyrir hvort og hvernig framhaldið á því verkefni verður. Einnig stendur yfir endurskoðun ríkisins á allri nýtingu byggðakvóta og hefur starfshópurinn ekki skilað af sér niðurstöðum. Atvinnulífið í Grímsey er gríðarlega viðkvæmt, þar sem hvert starf skiptir máli og það má ekkert út af bregða. Ríkið verður, ásamt sveitarfélaginu að gera það sem í þeirra valdi stendur, til styðja við atvinnulífið hvort sem um e að ræða veiðar eða vinnslu. Mestu máli skiptir að íbúar í Grímsey hafi atvinnu.

Með kveðju,

bæjarstjóri